

Skóla-akur



Vefrit um skólamál 16. tbl. 7. árg. 16. desember

Myndir augnabliksins eru frá Glerárskóla og sýna nemendur í 1. - 4. bekk á söngsal.



Saman lærum við, náum árangri og gleðjumst!

Ágætu starfsmenn skóla á Akureyri!

Saman lærum við. Það er mikilsvert að hafa það í huga að við lifum á tímum mikilla og hraðra breytinga. Því er nauðsynlegt að meta starf sitt og afrakstur þess stöðugt. Út frá þessu mati þarf að setja ný markmið og viðmið til að stefna að. En þetta verður að gera í samstarfi þar sem hver og einn skiptir máli fyrir heildina og heildin skiptir máli fyrir hvern og einn. Það hlýtur að koma okkur öllum við í skólasamfélaginu á Akureyri hvernig við mótum stefnu og fylgjum henni eftir, því það hvernig við vinnum hefur áhrif á viðhorf og væntingar til okkar allra. Því skiptir það máli að allir starfsmenn og stjórnendur upplifi að þeir fái þann stuðning sem þeir þurfa til að sinna starfi sínu á árangursríkan hátt. Það gerist ekki nema með samhentum átaki þar sem við leggjumst öll saman á áramar til að gera gott skólastarf enn betra. Margt hæfileikaríkt fólk starfar í skólum Akureyrarbæjar. Það er mikið lán að svo er. En það eflist enginn í starfi sem upplifir sig sem eyland. Því verðum við að láta okkur annt um hvert annað, bjóða þeim stuðning sem þurfa, efla faglega umræðu heilt yfir um skólamál, halda því á lofti sem vel er gert og fagna hverjum sigri. Gleðjumst saman!

Nám barnsins og unglingsins er verkefnið okkar, en til að geta sinnt því þurfum við starfsmenn skólanna stöðugt að læra með þeim og fyrir þau. Það gerum við helst með öflugum stuðningi og þann stuðning verðum við og ætlum að byggja upp í æ ríkari mæli á árinu 2014.

Ég vil með þessum orðum þakka ykkur öllum förnúst og gott starf á árinu 2013 og þrátt fyrir ýmsa fyrirsjáanlega þröskulda á næsta ári munum við finna leiðina yfir þá saman, það er ég viss um.

Gunnar Gíslason fræðslustjóri.

PISA 2012 – Skýrsla.

Niðurstöður úr PISA 2012 liggja nú fyrir hjá Námsmatsstofnun. Í PISA 2012 var lögð áhersla á stærðfræðilæsi og voru tveir þriðju hlutar prófsins á því sviði. Prófið var haldið í 65 löndum um alla veröldina. Einnig var prófað í lesskilningi og náttúrufræðilæsi. Rétt er að vekja athygli á því að nemendur á Íslandi koma mjög vel út þegar matíð snýr að skólabrag, bekkjaranda og viðhorfi til stærðfræði. Því vekja niðurstöðurnar í stærðfræðilæsi, lesskilningi og náttúrufræðilæsi upp fjölmargar spurningar sem leita verður svara við. Það er verkefnið framundan.

Helstu niðurstöður fyrir Ísland úr PISA 2012.

- Frammistaða íslenskra nemenda versnar verulega frá 2009 og sé horft til allra PISA mælinga frá upphafi, þá hefur nemendum hrakað sem nemur um hálfu skólaári á síðasta áratug.
- Ísland ásamt Svíþjóð er með lökustu frammistöðu allra Norðurlandanna.
- Verulegur munur er á höfuðborgarsvæði og landsbyggð í öllum greinum og hefur afturförin orðið mest á landsbyggðinni þó svo höfuðborgarsvæðið hafi einnig látið undan síga.
- Kynjamunur er ekki meiri en áður hefur mælst.
- Piltum hefur farið verulega aftur í lesskilningi og stærðfræðilæsi og eru nú um 30% þeirra á tveimur neðstu þrepum lesskilnings og um 20% á neðstu þrepum stærðfræðilæsis.
- Frammistaða íslenskra nemenda í náttúrufræðilæsi er sú lakasta af öllum Norðurlöndunum.
- Mikill munur er á frammistöðu infæddra og innflytjenda í öllum greinum.
- Ennþá er mikill jöfnuður á Íslandi, munur á milli skóla er hvergi minni en hér á landi.
- Skólabragur og viðhorf nemenda til náms hafa batnað verulega frá því sem áður var.

Sjá nánar á: <http://www.akureyri.is/skoladeild/frettir/pisa-2012-skyrsla>

Skóla-akur er vefþimarit sem gefið er út af skóladeild Akureyrarbæjar, Glerárgötu 26, Akureyri

Ritstjóri: Linda María Ásgeirsdóttir starfsmaður á skrifstofu Akureyrarbæjar í Hríssey, lindamaria@akureyri.is. Upplýsingar um efni og ábendingar um hvað betur má fara eru vel þegnar og sendist á netfang ritstjóra. Sími 466-1762. Afgreiðslutími mán.-miðvikudaga frá 8-13.

Markmið blaðsins er að miðla upplýsingum til starfsfólks í skólum á Akureyri, til foreldra og annarra í skólasamfélaginu. **Dreifing:** Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks í leik- og grunnskólum og í tónlistarskóla bæjarins auk fulltrúa foreldra o.fl.

Beðið eftir jólonum.

Gaman er að skoða heimasíður skólanna á adventunni og þar má sjá ýmislegt skemmtilegt sem börnin gera til að sytta stundirnar fram að jólum og njóta adventunnar í rólegheitum.

Kisudeild og Bangsadeild frá Lundaseli kíktu í heimsókn í Hof á dögnum. Þar sungu þau fyrir gesti og gangandi. Þá var börnunum boðið í skoðunarferð um húsið og fengu safa og köku í „græna herberginu“ sem reyndist alls ekkert grænt.

Á Krógabóli var kaffihúsastemming, þá er kakó og smurt brauð í morgunmat. Sett eru upp lítil kaffihús í leikskólanum þar sem börnin fá að afgreiða sig sjálf. Þau mega svo velja sér sæti þar sem þau vilja.



Vistunargjöld leikskóla hækka ekki um áramót.

Á fundi bæjarráðs 5. desember var ákveðið að hækka ekki vistunargjöld leikskóla. Með þessu vill bæjarráð leggja lóð sitt á vogarskálarnar til að stemma stigu við verðbólgu og vinna að stöðugleika. Til að ná sömu markmiðum var á stjórnarfundum Norðurorku í lok nóvember samþykkt að hækka ekki gjaldskrár fyrir hitaveitu og rafveitu á þjónustusvæði fyrirtækisins. Bæjarráð vekur athygli á því að hér eftir sem hingað til verða ekki innheimt gjöld fyrir strætisvagnaferðir, bókasafnsskírteini og bifreiðastæði í miðbænum.

Sjá fundargerð bæjarráðs: <http://www.akureyri.is/is/stjornkerfid/fundargerdir/baejarrad/9452>

„Það verður hverjum að list sem hann leikur“.

Þann 5. apríl 2014 verður haldin á Akureyri árleg vorráðstefna miðstöðvar skólaþróunar HA. Að þessu sinni er ráðstefnan tileinkuð starfsþróun og árangursríku skólastarfi. Skólastarf er lifandi og sýbreytilegt, háð innri og ytri þáttum sem hafa áhrif á möguleika til eflingar og þróunar þeirra sem þar starfa. Horft er til þess að þróun skóla sem stofnana og starfsþróun kennara fari saman og þeirri spurningu velt upp hvað einkenni árangursríkt skólastarf.



Efni ráðstefnunnar er sniðið að leikskólum, grunnskólum og framhaldsskólum.

Aðalfyrirlesarar ráðstefnunnar verða:

- Dr. Kari Smith prófessor við háskólann í Bergen í Noregi
- Dr. Jón Torfi Jónasson prófessor við Kennaradeild Menntavísindasviðs Háskóla Íslands

Auk aðalfyrirlestra verða málstofur þar sem reifuð verða ýmis mál er lúta að starfsþróun og árangursríku skólastarfi.

Dagskrá ráðstefnunnar verður auglýst í byrjun febrúar á nýju ári.

Sjá nánar á: <http://www.msha.is/is/radstefnur/vorradstefna-msha-2014>

Fréttir af PMT foreldrafærni.

Í þessari viku lýkur foreldrafærni námskeiði sem skipulagt er af skóladeild Akureyrarbæjar. Námskeiðið hefur verið vikulega frá 10. september og hentar vel foreldrum barna með væga hegðunarferfðleika eða þeirra sem eru í áhættu vegna hegðunarferfðleika. Nú hafa um 250 foreldrar sótt námskeiðið vegna 150 barna. Námskeiðið hefur fengið góða dóma og hafa foreldrar almennt þá skoðun að námskeiðið hafi gagnast vel við uppeldið.

Á námskeiðinu eru foreldrum kynntar helstu leiðir og aðferðir styðjandi uppeldis á borð við skýr fyrirmæli, hvatningu, að setja mörk og lausnaleit. Lögð er áhersla á ítarlega vinnu með foreldrum með einstaklingsráðgjöf á milli vikulegra tíma, sé þess óskað. Foreldrar eru mikilvægustu kennarar barna sinna og því er nauðsynlegt að rjúfa hegðunarmynstur sem getur skapast í samskiptum barna og foreldra. Næsta námskeið verður haldið í byrjun árs 2014. Til að komast á námskeiðið geta foreldrar sótt um eða óskað eftir að skóli barnsins hafi milligöngu með umsóknina.

Nánar um [Pmt foreldrafærni](#)



Síðasti Skóla-akur fyrir jól.

Sendum öllum starfsmönnum skólanna og lesendum Skóla-akurs bestu jóla- og nýársóskir og þakkir til allra sem aðstoðað hafa við efni í blaðið og prófarkalestur. Einnig eru lesendur hvattir til að senda inn efni ásamt myndum frá verkefnum og starfinu í skólunum.

Næsti Skóla-akur kemur út fimmtudaginn 9. janúar